

# TÖL303G - Gagnasafnsfræði

## Vikublað 8

### 1 Heimadæmi

Skilafrestur er til mánudagsins 17. október kl. 23:59. Gradiance skilafrestur er til 23:59, þriðjudaginn 18. október

#### Gradiance æfingar

Klárið dæmi merkt HW 8 á Gradiance.

#### Dæmi

Athugið að lausnin ykkar verður að vera læsileg, vandið frágang og gerið skýran greinarmun á many-to-one og referential integrity örvum. Athugið að fylgja rithættinum sem er notaður í bókinni fyrir E/R myndir, ekki verður gefið rétt fyrir annan rithátt sem þið mögulega finnið annars staðar.

1. Æfing 5.1 bls 158 í bók. Breytið E/R mynd 29 (bls. 160) í vensl (nóg að telja upp dálka, þarf ekki að breyta í SQL).
2. Æfing 5.3 bls. 159 í bók. Breytið E/R mynd 30 (bls. 160) í vensl (nóg að telja upp dálka, þarf ekki að breyta í SQL).
3. (Lokapróf 2015) Í meistaradeildinni í skotbolta spila leikmenn í liðum, lið leika leiki og einn leikmaður skýtur annan út af í leik. Búið til E/R líkan fyrir eftirfarandi einindi (Entity) og notið a.m.k. þá dálka sem gefnir eru.
  - Leikmaður (nafn)
  - Lið (nafn)
  - Leikur (dagsetning, lokatala)

Takið fram hvaða fjöldatakmörk eru á tengslunum (relations) með örvum og rökstyðjið val ykkar. Bætið við lyklum eftir því sem þarf. Skriðið SQL skipun til að búa til töflurnar út frá E/R líkaninu, ásamt öllum lyklum og ytri lyklum (**ATH** við höfum ekki enn farið yfir ytri lykla svo við sleppum því núna).